

# Íþróttá- og tómstundasvið Reykjavíkur

## Starfsáætlun 2010



*Frítími fyrir alla*



Reykjavíkurborg



## Efnisyfirlit:

Inngangur .....	3
Megináherslur ÍTR 2010 .....	3
Hlutverk Íþróttá- og tómsfundasviðs Reykjavíkur.....	5
Helstu verkefni 2009 .....	6
Stefnukort ÍTR 2010 .....	8
Skýringar við stefnukort ÍTR 2010 .....	8
Helstu verkefni 2010.....	11
<i>Þjónusta</i> .....	11
<i>Verklag</i> .....	13
<i>Mannauður</i> .....	15
<i>Fjármál</i> .....	16
Lykiltölur ÍTR 2009.....	17
Skorkort.....	19
Viðauki.....	21

## Inngangur

Einkunnarorð starfsáætlunar Íþrótt- og tómsundasviðs Reykjavíkur (ÍTR) 2010 eru *frítími fyrir alla*. Sjónarhornið mun því umfram annað beinast að notendum þjónustunnar og því hvernig mæta megi ólíkum þörfum þeirra á ábyrgan og skilvirkan máta.

Í markmiðum við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2010 hefur verið lögð áhersla á að vernda störfin, halda óbreyttu þjónustustigi og standa vörð um grunnþjónustuna. Í augum borgaryfirvalda er starfsemi ÍTR hluti af þeirri grunnþjónustu sem verja ber með sama hætti og ýmsa lögbundna þjónustu.

Endurmat á stefnu og áherslum ÍTR er meðal þess sem tekist verður á við á nýju starfsári. Breytt staða í samfélaginu krefst þess að viðfangsefnunum sé mætt á nýjan og jákvæðan hátt. Leitað verði nýrra leiða sem verða farvegur aukinnar þekkingar, fagmennsku, frumkvæðis og samstarfs við aðra, innan borgarkerfisins sem utan. Saman myndar starfsfólk ÍTR sterka liðsheild sem mun nýta árið 2010 til að þróa leiðir og þjónustu með heill og velferð barna, ungmenna og annarra þjónustubeiga ÍTR að leiðarljósi.

Í starfsáætluninni er hlutverk ÍTR tilgreint og stefnukort birt ásamt skýringum og helstu verkefnum ársins. Settar eru fram lykiltölur og í skorkorti er að finna árangursmælingar. Í viðauka eru skýringarmyndir um þátttöku barna og unglunga í skipulögðu frístundastarfi og ýmsa félagslega þætti. Gert er ráð fyrir að starfsstaðir ÍTR nýti þessi gögn við starfsáætlanir sínar.

## Megináherslur ÍTR 2010

Í þjónustu ÍTR verður lögð áhersla á að auka samstarf með það að markmiði að mynda samfellu í skóla- og frístundastarfi, þar sem hagsmunir barna og unglunga verði hafðir að leiðarljósi. Unnið verði að frekari samþættingu á starfsemi hjá ÍTR og Menntasviði varðandi rekstur frístundaheimila.

Sérstaklega verður leitast við að virkja til þátttöku einstaklinga og hópa sem ekki stunda skipulagt íþrótt- og tómsundastarf. Einnig verður áhersla lögð á að styðja við ungmenni sem hvorki stunda skóla eða vinnu.

Starf fyrir 10-12 ára verður eflt í félagsmiðstöðvum. Lagt er til að gerð verði tilraun með að auka opnun í Grafarvogi og Breiðholti á árinu 2010. Útvíkkun á þessari starfsemi í aðra borgarhluta verði metin síðar á árinu.

Mótuð verður stefna í málefnum 16-25 ára í borginni þar sem m.a. verður athugað hvernig Hitt Húsið í samvinnu við frístundamiðstöðvar geti þróað starf fyrir 16-18 ára ungmenni í hverfum borgarinnar. Þróuð verði enn frekar úrræði fyrir atvinnulaus ungmenni í samvinnu við Vinnumálastofnun og aðra aðila innan sem utan borgarkerfisins.

Forsendur í rekstri frístundaheimila gera ráð fyrir 2600 börnum að meðaltali í fullri vistun sem er fjölgun um 500 börn. Endurskilgreining er gerð á fjölda barna á starfsmann og opið verður á svokölluðum „lögum dögum“.

Þróaðar verða frekar og útfærðar hugmyndir að umhverfisvænum frístundasamgöngum fyrir börn innan hverfa, sem mun styðja við markmið um samfelldan skólalag fyrir börn.

Klébergsskóli á Kjalarnesi hefur ábyrgð og umsjón með frístundaheimili og félagsstarfi fyrir börn á Kjalarnesi. Einnig annast skólinn rekstur sundlaugar, íþróttahúss og Fólkvangs. Sérstakur þjónustusamningur milli Menntasviðs og ÍTR liggur fyrir.

Í nýrri byggingu í Úlfarsárdal varða grunnskóli, leikskóli og frístundaheimili. Skipaður verður starfshópur frá ÍTR, Menntasviði og Leikskólasviði til að móta tillögur um samþættingu og samstarf þessarar starfsemi.

Í nýju frístundaheimili við Frostaskjól, fyrir börn úr 3. og 4. bekk Grandaskóla, Melaskóla og Vesturbæjarskóla, verður komið á sérstöku tilraunastarfi um aukna samfellu eftir að skóladegi lýkur og til kl. 17:15. Frostaskjól, KR, Do-re-mí og skólarnir munu starfa saman að þessu verkefni.

Íþróttaskólar eru í öllum frístundaheimilum fyrir 1. bekk. Samningur er á milli ÍTR og ÍBR um að ÍBR hafi yfirumsjón og beri ábyrgð á og skipuleggi þetta starf og semji um aðkomu viðkomandi íþróttafélaga að þessu starfi.

Vinnuhópur hefur verið skipaður fulltrúum frá ÍTR og ÍBR til að skoða almenningssamgöngumál í hverfum varðandi íþrótt- og tómstundastarf, frístundaheimili og skóla. Farið verði yfir athugasemdir og ábendingar félaga og starfsmanna sviðanna.

Framlög til einstaklinga vegna Frístundakortsins verða óbreytt eða 25 þús. á barn, en hagrætt verður í umsýslugjaldi til félaga og vegna sérstakra samstarfsverkefna í hverfum.

Fjárveiting til skíðasvæða í ár verður í samræmi við þjónustusamninginn en hann verður ekki verðbættur en uppfylltur að öðru leyti. Gerð er 5.6% hagræðingarkrafa vegna rekstrar auk 12% lækkunar á framkvæmdalið.

Þjónustutími sundlauga verður óbreyttur en unnið verði að endurskoðun vaktakerfa þar sem það á við í sundlaugum og íþróttamannvirkjum.

Þjónusta ÍTR vegna íþróttamannvirkja og vallarmála verður á hendi annarra sem og umsjón og eftirlit með gervigrasvöllum og grasvöllum samkvæmt sérstökum samningi á árinu 2010.


Skoduð verður hagkvæmni þess að skíðalyftur í Jafnaseli, Ártúnsbrekku og í Gufunesi fari undir stjórn viðkomandi frístundamiðstöðva en Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins annast umsjón tækjanna.

Huga þarf að yfirtöku sveitarfélaga á frístundastarfi fyrir fötluð börn og ungmenni frá ríki ári 2011.

Leggja þarf sérstaka áherslu á mikilvægi félagsmiðstöðvastarfs og forvarnargildi þess í ljósi breyttra aðstæðna í samfélaginu og tryggja svigrúm til að vinna með unglunga sem þurfa á félagslegum stuðningi að halda.

Tryggja þarf og hlúa að samvinnu við samstarfsaðila í forvarnarmálum í hverfum borgarinnar og hlúa sérstaklega að samstarfi við foreldra unglunga í félagsmiðstöðvum.

## Skipurit fyrir Íþrótt- og tómstundasvið



### Hlutverk Íþrótt- og tómstundasviðs Reykjavíkur

Stuðla að **heilbrigði almennings** með því að skapa einstaklingum á öllum aldri tækifæri til íþróttaiðkunar, líkamsræktar, afþreyingar og slökunar.

Skipuleggja **uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf** fyrir börn, unglinga og ungmenni, þar sem gildi virkrar þátttöku, uppeldis, óformlegs náms og forvarna eru í fyrirrúmi.

Eiga gott **samstarf** við íþrótt- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að velferð barna, unglinga og ungmenna í hverfum borgarinnar.

Stuðla að því að **engum verði mismunað** í frístundastarfi á grunvelli kyns, uppruna, trúar, þjóðernis eða fötlunar.

Hafa forystu um eflingu og þróun **fagumhverfis frítímaþjónustunnar**.

**Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna í starfi.**

## Helstu verkefni 2009

### Fjármála- og rekstrarþjónusta

- Vinna við nýtt fjárhagslíkan fyrir frístundamiðstöðvar
- Breytingar á fjárhagslíkani frístundaheimila

### Mannauðsþjónusta

- Innleiðing Vinnustundar á starfsstöðum ÍTR.
- Gerð var aðgerðaráætlun í kjölfar niðurstöðu Viðhorfskönnunar starfsmanna fyrir skrifstofur tómstunda- og íþróttamála.
- Unnið var að auknum tengslum skrifstofu og starfsstaða ÍTR með vettvangsheimsóknnum.
- Nýjar starfslýsingar voru gerðar fyrir flest störf á íþróttasviði og nokkur störf á tómstundasviði.
- Vinnuhópur skoðaði möguleika á samnýtingu starfsfólks frístundaheimila og skóla.
- Viðbragðsáætlun og stefna gegn einelti og áreitni unnin og kynnt í sameiginlegu átaki stofnana og starfsstaða borgarinnar.
- Endurskoðun á fyrirkomulagi fræðslumála hjá ÍTR þar sem dregið var úr miðlægri fræðslu og áhersla lögð á lærdóm í vinnuumhverfinu.
- Gerðar voru leiðbeiningar fyrir stjórnendur um móttöku nýrra starfsmanna í samvinnu við mannauðsskrifstofu og önnur svið borgarinnar.
- Leiðtogaþjálfun fyrir umsjónarmenn og verkefnastjóra á skrifstofu tómstundamála.
- Unnið var verklag vegna upplýsingaöflunar úr sakaskrá.
- Íslenskukennsla fyrir erlenda starfsmenn var endurskoðuð í samvinnu við mannauðsskrifstofu og önnur svið borgarinnar.

### Tómstundamál

- Brugðist við aukinni eftirspurn á frístundaheimilum ÍTR haustið 2009. Haustið 2008 bárust 2559 umsóknir um dvöl á almenn frístundaheimili en haustið 2009 voru þær 2881.
- Tilraun gerð með opið starf fyrir unglunga í félagsmiðstöðvum yfir sumartímann, opið í einni félagsmiðstöð í hverjum borgarhluta tvisvar í viku.
- Nýtt fyrirkomulag á sumarstarfi fyrir 10-12 ára börn í öllum borgarhlutum.
- Sex félagsmiðstöðvarhópar voru starfræktir síðastliðið sumar í samvinnu við Vinnuskólann auk samstarfs um sumarvinnu fatlaðra nemenda í Öskjuhlíðarskóla. Hópar vinnuskólaliða voru starfræktir í sumar í félagsmiðstöðvum ÍTR.
- Ný og bætt aðstaða fyrir frístundaheimili í Kleifarseli og Melaskóla.
- Ný og bætt aðstaða fyrir frístundaklúbba fyrir fötluð börn í Egilshöll, Kleifarseli og Sólheimum.
- Aðstaða fyrir félagsmiðstöð fyrir unglunga í Öskjuhlíðarskóla og unglunga í Hlíðaskóla tekin í notkun í Ýmishúsi.
- Frístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk í Melaskóla, Grandaskóla og Vesturbæjarskóla tekið í notkun við Frostaskjól
- Á Ylströnd var bætt við einni opnun í viku í sjósund vegna aukinnar eftirspurnar. Nú er opið fjórum sinnum í viku.
- Endurbygging hlöðunnar í Gufunesbæ lokið og hún tekin í notkun.

## Íþróttamál

- Í Vesturbæjarlaug var barnalaug og aðallaug skipt upp með þili til að fá meiri hita í barnalauginna
- Körfuboltavöllur með yfirborðsefni settur upp við Hagaskóla
- Sparkvellir við Árbæjarskóla og Langholtsskóla teknir í notkun
- Gervigrasvöllur tekinn í notkun hjá Víkingi
- Gervigrasvöllur í Laugardal endurbyggður
- Brettagarði komið upp í Norðlingaholti
- Rennibraut í Laugardalslaug endurbyggð
- Þjónustudeild lögð af í núverandi mynd
- Evrópumeistaramót fatlaðra í sundi haldið í Laugardalslaug

## Þróun og upplýsingamál

- Kannanir Rannsókna og greiningar á högum og félagslegum aðstæðum unglunga í 5. – 10. bekk. Unnið fyrir borgina í heild og greint á aldur, kyn, hverfi og skóla. Sérkeyrslur fyrir ÍTR greindar eftir skipulögðu frístundastarfi, samveru með foreldrum, útivistartíma, áhættuhegðun, innflytjendum, vinnu með skóla og fleira.
- Upplýsingar unnar úr gagnagrunni Frístundakortsins um þátttöku 6 – 18 ára Reykvíkinga í skipulögðu frístundastarfi greint eftir hverfum, helstu greinum tómsunda, kyni og aldri. Á árinu var samþykkt að Frístundakortið mætti nýta vegna barna á frístundaheimilum.
- Örkannanir varðandi breytingar á högum barna og unglunga í ljósi efnahagsástandsins.
- Málþing um þróun þverfaglegrar starfsemi og samstarf í hverfum haldið á vordögum í samvinnu við Mennta- og Velferðarsvið. Heildarskýrsla um niðurstöður liggur fyrir.
- Þróunarverkefni um frístundir innflytjendabarna unnið af Frístundamiðstöðinni Kampi. Verkefnið hlaut styrk úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar
- Unnið að framsetningu gæðastefnu ÍTR og yfirliti yfir verkferla.
- Gerð var könnun meðal foreldra barna á frístundaheimilum.
- Gagnvirkur leitar- og upplýsingavefur um íþrótt- og tómsundastarf í Reykjavík fyrir börn og unglunga.
- Endurhönnun á vefsíðu ÍTR og unnið að þróun innri vefs ÍTR.
- Afþreyingarkostir og útivist í hverfum borgarinnar fyrir börn og fjölskyldur listaðir upp og birtir á vefsíðu ÍTR undir vefheitinu *Ævintýri á heimaslóðum*.
- Útgáfa á upplýsingabæklingum á erlendum tungumálum um starfsemi ÍTR og Frístundakortið.

## Stefnukort ÍTR 2010



## Skýringar við stefnukort ÍTR 2010

### Þjónusta

#### Almenningur eigi heilbrigðar frístundir

ÍTR stuðlar að heilbrigði almennings með því að skapa einstaklingum á öllum aldri sem best aðgengi að fjölbreyttum tómstundum í samstarfi við fjölmarga aðila. Lögð er áhersla á að byggja upp og auka nýtingu á fjölbreyttri aðstöðu til hollrar hreyfingar og útivistar í borginni.

#### Uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir ungt fólk

ÍTR leitast við að bjóða börnum, unglingum og ungmennum upp á félags- og tómstundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og jafnræði. Virk þátttaka barna, unglunga og ungmenna í fjölbreyttu frístundastarfi hefur mikið forvarnargildi og er mikilvægur liður í mótun lýðræðislegs samfélags. ÍTR leggur áherslu að styrkja uppbyggingu íþrótt- og æskulýðsfélaga í borginni sem hafa þessa sýn að leiðarljósi.

#### Hvatning og stuðningur við ungt fólk

Sérstaklega er hugað að því að virkja til þátttöku einstaklinga sem taldir eru í áhættuhópum. Æskulýðsstarf ÍTR er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er að því að auka þekkingu og hafa áhrif á viðhorf og atferli barna, unglunga og ungmenna á þann veg að þau kjósi heilbrigðan lífsstíl. ÍTR leggur áherslu á uppbyggingu samstarfs í hverfunum

með styrkveitingum til samstarfsverkefna sem miða meðal annars að því að rjúfa félagslega einangrun til þess að samfélagið fái notið krafta allra einstaklinga.

### **Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum**

Að rækta hæfileika sína með þátttöku í uppbyggilegu starfi í frítíma sínum eru sjálfsögð mannréttindi. ÍTR vill tryggja að engum verði mismunað á grundvelli kyns, uppruna, trúar, þjóðernis eða fötlunar og leggur áherslu á að styrkir og aðrar fjárveitingar til frístundastarfs nýtist til starfsemi er byggir á mannréttindum og jöfnuði. Frístundakortið auðveldar aðgengi ungs fólks að fjölbreytilegu starfi frjálsra félaga en megintilgangur þess að ungt fólk geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi óháð efnahag eða félagslegum aðstæðum.

## **Verklag**

### **Skýrir verkferlar**

ÍTR leggur áherslu á skýra verkferla þannig að meðferð erinda verði skilvirk og öll málsmeðferð fái vandaða og skjóta afgreiðslu til hagsbóta fyrir notendur, starfsfólk og samstarfsaðila. Verkferlar verða birtir í gæðastefnu sviðsins.

### **Aðgengilegar upplýsingar**

Mikilvægt er að ÍTR komi á framfæri upplýsingum um þá þjónustu sem er í boði fyrir borgarbúa. Haldið verður áfram að efla heimasíðu sviðsins þar sem hún er bæði hagkvæm og áhrifarík leið til að koma á framfæri upplýsingum um heilbrigðar frístundir fyrir alla aldurshópa.

### **Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða**

Til að ÍTR geti sinnt hlutverki sínu þarf að vera nægjanlegt rými fyrir starfsemina, viðhaldi eigna þarf að sinna og viðbrögð við bilunum þurfa að vera skjót. Þjónusta ÍTR byggir á því að truflun verði ekki á starfinu vegna ófullnægjandi aðstöðu, síðbúins viðhalds eða viðgerða. Til að þetta nái fram að ganga þarf verkaskipting milli ÍTR og Framkvæmda- og eignasviðs að vera skýr og byggð á öryggis- og hagkvæmni-sjónarmiðum.

### **Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila**

Lögð er áhersla á virkt samráð við hagsmunaaðila við stefnumótun, ákvarðanatöku og við eflingu faglegrar umræðu um málefni frítímans. ÍTR leitar leiða til að efla samskipti og samráð við notendur þjónustunnar, starfsfólks á vettvangi, stjórnmalamanna, íþróttafélaga, æskulýðsfélaga og sérfræðinga.

## **Mannauður**

### **Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi**

ÍTR mun leita allra leiða til að laða að hæft starfsfólk til þess að geta mætt auknu umfangi verkefna og til að standa vel að vígi í samkeppni um vinnuafl. Lögð verður áhersla á að skapa umhverfi sem er faglegt og hvetjandi með áherslu á símenntun starfsfólks og öfluga innri upplýsingamiðlun. Jafnframt verður hlúð að þeim mannauði sem fyrir er og með þeim hætti styrkt sú ímynd að ÍTR sé eftirsóknarverður vinnustaður.

### **Öflugt fagumhverfi frítímaþjónustunnar**

ÍTR leggur metnað í að miðla fagþekkingu um málefni frítímans, bæði meðal starfsfólks síns og með þátttöku í samstarfi með uppbyggingu fagmenntunar fyrir augum. Tómsundafræði er kennd á háskólastigi við Háskóla Íslands og þróuð hefur verið námsbraut í tómsundafræði í Borgarholtsskóla. Lögð er áhersla á að viðhalda góðum tengslum við skólana og fleiri aðila til að tvinna saman fræði og starf og efla fagumhverfi ÍTR.

### **Hæft og ánægt starfsfólk**

Allt starfsfólk skal vera vel upplýst um starfsemina og fái tækifæri til starfsþróunar með þjálfun, hvatningu, virðingu og stuðningi. ÍTR vill stuðla að starfsánægju með því að styrkja frumkvæði starfsmanna, efla liðsanda, standa vörð um jafnrétti og skapa sveigjanlegt, fjölskylduvænt og öruggt starfsumhverfi sem byggir á hvatningu og stuðningi við frumkvöðlahugsun.

## **Fjármál**

### **Góð og hagkvæm nýting og stýring fjármuna**

ÍTR kappkostar að úthlutun fjárheimilda í fjárhagsáætlun sé í samræmi stefnumörkun. Horft er til möguleika sem skapast geta til hagkvæmra þjónustusamninga og samstarfs við félagasamtök og einkaaðila um uppbyggingu og rekstur starfsemi. ÍTR leitast við að skapa rekstrarumhverfi sem byggir á sveigjanleika þar sem forsendur og aðstæður hvernar rekstrareiningar eru endurmetnar reglulega á starfsárinu. Rekstrarumhverfi starfstaða verði styrkt með auknu sjálfstæði þeirra og innra eftirliti.

### **Skilvirkt viðhald**

Skilvirkt viðhald er lykilatriði í þjónustu ÍTR þar sem allar tafir á þjónustu eru kostnaðarsamar fyrir starfsemina og til óþæginda fyrir viðskiptavinum. Tryggja þarf fjármagn til virks viðhalds mannvirkja og efla skilvirkni í áætlanagerð og framkvæmdum vegna viðhalds mannvirkja.

### **Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar**

Innan ÍTR er lögð áhersla á að vinna nákvæmar fjárhagsáætlunir þar sem tekið er tillit til stærðar mannvirkja, þjónustustigs og mannafla. Vönduð kostnaðargreining sé ávallt grundvöllur að ákvörðun um starfsemi. Fjárhagsrammar séu skýrir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið. Tryggt sé að fjármagn til þróunarverkefna fylgi þeim þegar þau verða hluti af hinu almenna starfi.

## Helstu verkefni 2010

### ***Þjónusta***

#### **Almenningur stundi heilbrigðar frístundir**

- *Verkefni:* Skilgreina þjónustustig skíðasvæðanna innan borgarmarkanna.
- *Tímaáætlun:* Fyrir veturinn 2010-2011.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjórar íþróttamála og tómstundamála.
  
- *Verkefni:* Menningartengdir viðburðir í sundlaugum í samstarfi skrifstofa íþróttamála og tómstundamála.
- *Tímaáætlun:* Fyrir Vetrarhátíð í febrúar, Barnalistahátíð í apríl, Menningarnótt í ágúst og fleiri viðburðir.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri barnastarfs.
  
- *Verkefni:* Vekja athygli á starfsemi ÍTR í vetrarfríum skólanna og vinna að því að efla samstarf milli borgarstofnana um að bjóða upp á skemmtun fyrir fjölskyldurnar í vetrarfríum.
- *Tímaáætlun:* Fyrir vetrarfríin í febrúar og í október.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjórar íþróttá- og tómstundamála.
  
- *Verkefni:* Þróa áfram verkefnið „Ævintýri á heimaslóð“ þar sem listaðir eru upp skemmtilegir og áhugaverðir staðir í borginni.
- *Tímaáætlun:* Mars-maí.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjórar skrifstofa íþróttá- og tómstundamála í samstarfi við vefteymi.
  
- *Verkefni:* Skýra upp framtíðarsýn varðandi leiðandi hlutverk ÍTR í útivist og hreyfingu borgarbúa. Tryggja faglega ákvörðunartöku. Leitað verði leiða til að kanna viðhorf borgarbúa.
- *Tímaáætlun:* Mars-maí.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjórar íþróttá- og tómstundamála.

#### **Uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir ungt fólk**

- *Verkefni:* Kynna félagsmiðstöðvastarf enn frekar fyrir unglingum sem valkost í frítímastarfi og endurskoða opnunartíma og viðfangsefni í félagsmiðstöðvum með hliðsjón af þörfum unglunga til að tryggja aðgang allra að uppbyggilegu og skemmtilegu frístundastarfi.
- *Tímaáætlun:* Fyrir haustönn.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri unglingastarfs.

- *Verkefni:* Efla hugmyndafræði unglíngalýðræðis við undirbúning og framkvæmd ýmissa viðburða í unglíngastarfi.
- *Tímaáætlun:* Febrúar – mars.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri unglíngastarfs.
  
- *Verkefni:* Stuðla að því að börn í 3. og 4. bekk fái séraðstöðu og viðfangsefni við hæfi á frístundaheimilum.
- *Tímaáætlun:* Fyrir haustönn.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri barnastarfs.
  
- *Verkefni:* Kortleggja leiðir til að efla samstarf barna á frístundaheimilum og unglínga í félagsmiðstöðvum varðandi ýmis verkefni.
- *Tímaáætlun:* Febrúar.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjórar barna- og unglíngastarfs.
  
- *Verkefni:* Leita leiða til að efla samstarf frístundaheimila við leikskóla og skóla.
- *Tímaáætlun:* Apríl – september.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri barnastarfs.
  
- *Verkefni:* Efla samstarf við foreldrafélög skólanna bæði í barna og unglíngastarfi.
- *Tímaáætlun:* Apríl – september.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjórar barna og unglíngastarfs.
  
- *Verkefni:* Efla og styrkja menningu og listsköpun ungs fólks.
- *Tímaáætlun:* Fyrir Vetrarhátíð í febrúar, Barnalistahátíð í apríl, Menningarnótt í ágúst og fleiri viðburðir.
- *Ábyrgð:* Verkefnastjóri barnastarfs.
  
- *Verkefni:* Gera aðgerðaráætlun sem miðar að því að mynda samfellu í skóla- og frístundastarfi, þar sem hagsmunir barna og unglínga verði hafðir að leiðarljósi.
- *Tímaáætlun:* Vorönn.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri tómsundamála.

## **Hvatning og stuðningur við ungt fólk**

- *Verkefni:* Hitt Húsið leggi áherslu á að styðja við ungmenni 16-20 ára sem eru í atvinnuleit.
- *Tímaáætlun:* Allt árið.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri tómsundamála.
  
- *Verkefni:* Stuðla að því að 16-18 ára ungmenni taki þátt í verkefnum sem styrkt eru af frístundakortinu.
- *Tímaáætlun:* Allt árið.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri ÍTR.
  
- *Verkefni:* Efla starf fyrir 10-12 ára í félagsmiðstöðvum. Tilraun í Grafarvogi og Breiðholti með sérstakri fjárveitingu. Sérstaklega verði horft til þeirra barna sem ekki eru í skipulögðu íþróttá- og æskulýðsstarfi.

- *Tímaáætlun:* Vorönn.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri tómstundamála.
- *Verkefni:* Viðbragðsáætlun við einelti sé til fyrir alla starfsemi á vegum skrifstofu tómstundamála.
- *Tímaáætlun:* September 2010.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri tómstundamála.
- *Verkefni:* Kortleggja og vinna með brottfallshópin úr skipulögðu frístundastarfi í samstarfi við íþróttá- og æskulýðsfélögin.
- *Tímaáætlun:* Febrúar.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri ÍTR.

## **Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum**

- *Verkefni:* Starfsstaðir taki mið af upplýsingum um samsetningu íbúa í hverfinu við skipulagningu og kynningu á starfseminni til að auðvelda aðgengi og auka þátttöku ungra innflytjenda í frítímastarfi. Fylgt verði eftir verkefninu *Frístundir innflytjendabarna* í hverfum borgarinnar.
- *Tímaáætlun:* Maí 2010.
- *Ábyrgð:* Mannréttindaráðgjafi.
- *Verkefni:* Vinna stefnumótun varðandi starf fyrir börn og ungmenni með fötlun.
- *Tímaáætlun:* Febrúar 2010.
- *Ábyrgð:* Mannréttindaráðgjafi.
- *Verkefni:* Vinna samþættingarverkefni í félagsmiðstöðvum og á frístundaheimilum. Samþættingarverkefnið nái til greiningar á starfinu með tilliti til kynja og innflytjendabarna og unglunga.
- *Tímaáætlun:* Mars 2010.
- *Ábyrgð:* Mannréttindaráðgjafi.

## **Verklag**

### **Skýrir verkferlar**

- *Verkefni:* Innleiðing í áföngum á gæðastjórnunarkerfi fyrir starfsemi ÍTR í heild.
- *Tímaáætlun:* Fyrsta áfanga lokið í maí, öðrum áfanga lokið í september og þriðja áfanga lokið í desember 2010.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri ÍTR.

### **Aðgengilegar upplýsingar**

- *Verkefni:* Allar vefsíður verði komnar í nýtt kerfi fyrir haust 2010.
- *Tímaáætlun:* September 2010.

- *Ábyrgð*: Forstöðumaður tæknimála.
- *Verkefni*: Allar vefsíður á starfsstöðum verð uppfærður a.m.k.vikulega.
- *Tímaáætlun*: Maí 2010.
- *Ábyrgð*: Forstöðumaður tæknimála.
- *Verkefni*: Endurgera myndbandið „Æskulýðsstarf í hnotskurn” með aðstoð kvikmyndaklúbba félagsmiðstöðva.
- *Tímaáætlun*: Maí 2010.
- *Ábyrgð*: Verkefnastjórar barna- og unglíngastarfs.

### **Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða**

- *Verkefni*: Gerð verði úttekt á verkferlum vegna viðhalds og framkvæmda og mótaðar tillögur til úrbóta.
- *Tímaáætlun*: Janúar 2010 – Fyrsta mæling á endurbótum í maí 2010.
- *Ábyrgð*: Framkvæmdastjóri.
- *Verkefni*: Umsjón með útivistarsvæðum verði endurskoðuð í samráði við Fasteigna- og eignasvið og nýir verkferlar settir.
- *Tímaáætlun*: Febrúar 2010.
- *Ábyrgð*: Framkvæmdastjóri.

### **Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila**

- *Verkefni*: Endurnýja og móta sérstaklega verkáætlun í samvinnu við íþrótt- og æskulýðsfélög sem miðar að því að auka þátttöku innflytjenda í frítímaþjónustu í nærumhverfinu.
- *Tímaáætlun*: Maí 2010.
- *Ábyrgð*: Mannréttindaráðgjafi.
- *Verkefni*: Endurskoða verkaskiptingu milli ÍTR, Menntasviðs og Velferðarsviðs varðandi samstarf í hverfum og samskipti við íþrótt- og æskulýðsfélög. Skilgreind verða sameiginleg verkefni hvað varðar samfellu í skóla og frístundastarfi barna.
- *Tímaáætlun*: Tillögugerð liggja fyrir vor 2010.
- *Ábyrgð*: Framkvæmdastjóri.
- *Verkefni*: Skilgreint hlutverk ÍTR í forvörnum, hvenær forvörnum lýkur og meðferð tekur við.
- *Tímaáætlun*: Tillögugerð liggja fyrir vor 2010.
- *Ábyrgð*: Skrifstofustjóri ÍTR.

- *Verkefni:* Þátttaka í starfshópi ÍTR, Menntasviðs og Leikskólasviðs sem á að móta tillögur um samþættingu og samstarf leikskóla, skóla og frístundaheimilis í sömu byggingu í Úlfarsárdal.
- *Tímaáætlun:* Vorönn.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjóri tómstundamála.

## **Mannauður**

### **Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi**

- *Verkefni:* Skipaður verði starfshópur sem skoðar starfsöryggi starfsmanna á tómstundasviði. Sérstaklega skulu skoðaðar leiðir til að auka starfsöryggi starfsmanna í hlutastörfum.
- *Tímaáætlun:* September.
- *Ábyrgð:* Starfsmannastjóri.
- *Verkefni:* Unnin verði viðbragðsáætlun vegna áreitni af hálfu þjónustuþega. Áætlunin byggir á niðurstöðu viðhorfskönnunar borgarinnar.
- *Tímaáætlun:* September.
- *Ábyrgð:* Mannauðsráðgjafi.
- *Verkefni:* Skipaður verði starfshópur sem skoðar fundafyrirkomulag á íþróttasviði með það að markmiði að samræma og efla upplýsingaflæði.
- *Tímaáætlun:* Maí.
- *Ábyrgð:* Mannauðsráðgjafi.
- *Verkefni:* Mannauðsþjónusta vinni verklag varðandi innra eftirlit mannauðsmála hjá ÍTR.
- *Tímaáætlun:* Mars.
- *Ábyrgð:* Mannauðsráðgjafi.
- *Verkefni:* Leiðbeiningar um móttöku nýrra starfsmanna verði kynntar á námskeiði sem haldið verður fyrir alla stjórnendur hjá ÍTR.
- *Tímaáætlun:* Febrúar.
- *Ábyrgð:* Aðstoðarstarfsmannastjóri.

### **Öflugt fagumhverfi frítímaþjónustunnar**

- *Verkefni:* Skapaður verði vettvangur fyrir forstöðumenn til aukinnar fagumræðu. Haldnir verði starfsdagar þar sem áhersla er á að kynna áskoranir á vettvangi og kjörlausnir í framkvæmd.
- *Tímaáætlun:* Maí og október.
- *Ábyrgð:* Aðstoðarstarfsmannastjóri.

## Hæft og ánægt starfsfólk

- *Verkefni:* Endurskoða framkvæmd og verklag við starfsþróunarsamtöl, út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar, með það að markmiði að auka gagnsemi þeirra. Útfærsla sé miðuð við þarfir hvers starfshóps.
- *Tímaáætlun:* Apríl.
- *Ábyrgð:* Aðstoðarstarfsmannastjóri og mannauðsráðgjafi.
  
- *Verkefni:* Unnið verði verklag varðandi markvissa endurgjöf til starfsmanna og í kjölfarið haldið námskeið fyrir alla stjórnendur hjá ÍTR
- *Tímaáætlun:* Febrúar.
- *Ábyrgð:* Aðstoðarstarfsmannastjóri.
  
- *Verkefni:* Haldnir verði opnir fundir fyrir alla starfsmenn ÍTR þar sem markmið, stefna og starfsáætlun ÍTR verður kynnt.
- *Tímaáætlun:* Janúar.
- *Ábyrgð:* Mannréttindaráðgjafi.

## Fjármál

### Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna

- *Verkefni:* Styrkja rekstrarumhverfi og auka innra eftirlit á starfsstöðum ÍTR.
- *Tímaáætlun:* Allt árið.
- *Ábyrgð:* Fjármálastjóri og starfsmannastjóri.

### Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

- *Verkefni:* Þróa líkan til að deila fjármagni til frístundamiðstöðva. Líkanið inniberi greiningu grunnkostnaðar, rekstrarþátta og starfsemi og skilgreiningar m.a. út frá lýðfræðibreytingum.
- *Tímaáætlun:* Febrúar.
- *Ábyrgð:* Fjármálastjóri.
  
- *Verkefni:* Tryggja að fjármagn til þróunarverkefna fylgi þeim þegar þau verða hluti af hinu almenna starfi. Festa fjármagn við verkefni.
- *Tímaáætlun:* Allt árið.
- *Ábyrgð:* Fjármálastjóri.

### Skilvirkt viðhald mannvirkja

- *Verkefni:* Efla skilvirkni í áætlanagerð og framkvæmdum vegna viðhalds mannvirkja. Fundir með fasteignastjórum verði haldnir ársfjórðungslega.
- *Tímaáætlun:* Allt árið.
- *Ábyrgð:* Skrifstofustjórar tómsunda- og íþróttamála.

## Lykiltölur ÍTR 2009

	Raun 2007	Raun 2008	Raun/áæ tl 2009	Áætlun 2010
<b>Starfsmannamál</b>				
Fjöldi starfsmanna (meðaltal)	1.111	1.086	1.208	1.208
Fjöldi stöðugilda (1.okt)	439	489	518	518
Fjöldi starfsmanna á sviði tómstundamála (1.okt)	531	746	850	850
- Karlar			311	311
- Konur			539	539
Fjöldi starfsmanna á sviði íþróttamála (1.okt)	218	221	213	213
- Karlar			121	121
- Konur			92	92
Fjöldi starfsmanna sem vinna annarsstaðar hjá ÍTR (1.okt)	128	138	119	119
Heildarfjöldi starfsmanna (1.okt)	877	1.105	1.182	1.182
- Karlar			483	483
- Konur			699	699
<b>Aðsóknartölur</b>				
Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús	1.730	1.690	1.830	1.830
Aðsókn að Ylströnd í þús	110	150	453(allt árið)	460
Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús	158	178	187(allt árið)	187
<b>Rekstrartölur</b>				
Heitt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR	2.126	2.002	1.537	1.537
Kalt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR	713	701	737	737
Raforkunotkun í þús.kílóvattastundum, alls ÍTR	6.069	5.960	6.071	6.071
<b>Frístundaheimili 6-9 ára</b>				
Frístundaheimilispláss skv. áætlun	2.100	2.100	2.100	2.600
Fjöldi umsókna á frístundaheimili, haust (1. okt.)	2.817	2.750	2.901	2.900
Fjöldi barna á frístundaheimilum, vor (1. feb.)	2.313	2.203	2.478	2.700
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)	2.054	2.537	2.842	2.900
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (umsóknir)	182	199	176	170
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)	160	178	167	165
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára	4.242	5.198	4.723*	4.723
- Stelpur	2.121	2.575	2.378	2.378
- Strákar	2.121	2.623	2.345	2.345
<b>Frístundaklúbbar 6-10 ára (börn með fötlun)</b>				
Frístundaklúbbar fatlaðra 10-16 ára (1. okt)		71	94	105
Fjöldi umsókna í frístundaklúbb fatlaðara 10-16 ára (1. okt.)	-	86	104	105
Fjöldi skráninga í sumarstarf	-	-	330	330
- Stelpur	-	-	222	222
- Strákar	-	-	108	108
<b>Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára</b>				
Heildarþátttaka yfir árið		14.789	10.875	14.000
- Stelpur		6.778	5.096	7.000
- Strákar		8.011	5.779	7.000
- Þar af yfir sumarið			963	1.000
<b>Félagsmiðstöðvar 13-16 ára</b>				
Heimsóknir unglunga í félagsmiðstöðvar		99.881	86.433 (okt)	97.000
- Stelpur		45.716	38.031	45.000
- Strákar		54.165	48.402	52.000
Þar af í sumaropnun			1.128	1.200

Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði)		65 (14)	79 (16)	80 (16)
- Stelpur		41 (6)	44 (8)	40 (8)
- Strákar		24 (8)	35 (8)	40 (8)
Fjöldi unglinga í félagsmiðstöðvarhópum ÍTR og Vinnuskóla.		191	332	200
- Stelpur		78	186	100
- Strákar		131	146	100
<b>Annað starf fyrir börn, unglinga og ungmenni</b>				
Börn á námskeiði í Siglunesi			328	330
Börn á námskeiði í Húsdýragarði			200	200
Skapandi hópar Hins Hússins. Stelpur/strákar		25/22	18/17	18/17
<b>Frístundakortið - ráðstöfun</b>				
6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	12.438	15.060	13.093** (68%)	15.740
- Stelpur	6.130	7.437	6.509**	7.770
- Strákar	6.368	7.623	6.584**	7.970
6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	4.325	4.839	4.508** (79%)	5.468
10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	3.481	3.909	3.296** (77%)	3.761
13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)	3.107	3.620	3.026** (67%)	3.528
16-18 áran(hlutfall af fjölda í aldurshóp)	1.525	2.692	2.263** (47%)	3.077
Fjöldi félaga með aðild	119	143	158	160

\* Ekki raunveruleg fækkun vegna þess að eldri börn með fötlun voru áður inni í þessari tölu

\*\* Staðan 15. nóvember 2009.

## Skorkort

	Raun/áætlun 2009	Markmið 2010
<b>Þjónusta</b>		
<b>Almenningur stundi heilbrigðar frístundir</b>		
Fjöldi gesta í sundlaugum**	1822 þús.	1850
<b>Uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir ungt fólk</b>		
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með frístundaheimilin	89%	89%
Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með sumarstarf ÍTR	Ekki mælt	89%
Hlutfall unglinga sem stunda félagsmiðstöðvastarf ÍTR reglubundið*	33%	40%
Hlutfall barna í 3. og 4. bekk á frístundaheimilum	27%	30%
<b>Hvatning og stuðningur við ungt fólk</b>		
Hlutfall barna og unglinga sem nýta Frístundakortið	68%	70%
<b>Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum</b>		
Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel	38%	75%
Hlutfall stelpna/stráka á aldrinum 13-16 ára í starfi félagsmiðstöðva	44% kvk/ 56% kk	50%/ 50%
Hlutfall innflytjenda í 1.-4.bekk sem tekur þátt í starfi frístundaheimila	35%	51%
<b>Verklag</b>		
<b>Skýrir verkferlar</b>		
Fjöldi verkferla í gæðahandbók	10	50
Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu	88%	88%
<b>Aðgengilegar upplýsingar</b>		
Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/ eða vinnustað	76%	80%
Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku	6635	7000
Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftar	34%	50%
<b>Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða</b>		
Hlutfall viðhaldsverkefna sé lokið innan 15 daga frá tilkynningu	Ekki mælt	80% lokið
<b>Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila</b>		
Hlutfall samstarfsaðila sem eru ánægðir með samstarfið við ÍTR*	Ekki mælt	87%
<b>Mannauður</b>		
<b>Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi</b>		
Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða	74%	80%
Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi	78%	84%
<b>Öflugt fagumhverfi frítímapjónustunnar</b>		
Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum	83%	85%
<b>Hæft og ánægt starfsfólk</b>		
Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi	91%	91%
Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán.	54%	70%

Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	68%	78%
Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns	92%	92%
<b>Fjármál</b>		
<b>Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna</b>		
Þeking tekna frístundaheimilanna		
Álagning í sölustarfsemi		
Hlutfall reikninga sem greiddir eru fyrir eindaga		
Innheimtuhlutfall krafna		
<b>Skilvirkt viðhald</b>		
<b>Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar</b>		
Fjárhagsáætlun vs. raun %		
Frávik frá launaáætlun %		

## Viðauki

Í viðauka eru birtar valdar lykilmyndir úr könnun Rannsóknna og greiningar í febrúar 2009 um þátttöku unglunga í 8., 9. og 10. bekk í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi greint eftir hverfum. Einnig eru myndir sem sýna samveru með foreldrum um helgar, útivistartíma s.l. 7 daga, vinnu með skóla hjá 10. bekk og þróun neyslu.

Úr gagnagrunni Frístundakortsins eru myndir sem sýna þróun heildarþátttöku í starfi félaga og hversu margir nýta Frístundakortið í aldurshópunum 6 – 9 ára, 10 – 12 ára, 13 – 15 ára og 16 – 18 ára. Gögn frístundakortsins eru greind eftir pósthverfum.

Úr viðhorfskönnun sem gerð var meðal foreldra barna á frístundaheimilum eru birtar nokkrar yfirlitsmyndir.

Myndirnar eru á pdf formi og auðvelt að skoða þær á tölvuskjá með því að stækka skjalið á skjánum.